94. Frumvarp til laga

um, að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Í gerð skal lagður ágreiningur sá, sem nú er uppi milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og hinsvegar Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Sjómannafélags Patreksfjarðar um ráðningarkjör á botnvörpuskipum við fiskveiðar í salt og í ís, við síldveiðar og karfaveiðar.

2. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Skulu þeir nefndir til starfans sem hér segir: Hæstiréttur skipar formann dómsins. Ennfremur tilnefnir hæstiréttur fjóra menn, en af þeim ryðja deiluaðiljar hvor sínum manni. Hina tvo skipar hæstiréttur síðan til að taka sæti í dóminum. Loks tilnefna deiluaðiljar hvor sinn mann í dóminn.

Nú ryðja deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki dóminn innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, og ryður þá dómsmálaráðherra dóminn í þess stað.

Nefni deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki mann í dóminn af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dóminn i þess stað, og skal hann, eftir því sem við verður komið, tilnefndur þannig, að líklegt megi telja, að hann líti á deiluna frá sama sjónarmiði og dómari tilnefndur af aðiljanum myndi hafa gert.

Nú verður laust sæti í dóminum, og skal þá um tilnefningu manns í það sæti fara svo sem um val þess manns, sem forfallazt hefir.

3. gr.

Hver lögráður íslenzkur ríkisborgari er skyldur að taka sæti í dóminum samkvæmt löglegri kvaðningu. Dómendur eru í starfi sínu opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

4. gr.

Dómsformaður kveður dóminn saman og annast um, að störfum dómsins sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru aðiljar að láta dóminum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðiljar geta í té látið, og getur dómurinn kveðið upp úrskurð, þótt annarhvor eða báðir aðiljar mæti ekki. Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar að gilda skuli milli aðilja, skulu vera bindandi fyrir þá báða á sama hátt og hefðu þau verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjör þessi skulu gilda til ársloka 1938. Kjörin skulu einnig vera bindandi fyrir þá eigendur íslenzkra botnvörpuskipa, sem ekki eru félagsmenn í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Þó er samvinnuútgerð undanskilin.

5. gr.

Samningar þeir, sem í gildi voru milli deiluaðilja til ársloka 1937, skulu gilda framvegis til bráðabirgða þangað til úrskurður gerðardómsins fellur. Dómurinn skal ákveða, að ráðningarkjör þau, sem hann úrskurðar, skuli gilda frá ársbyrjun 1938. Dómurinn skal afla sér upplýsinga hjá sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum um kröfur og tilboð deiluaðilja. Hvorugum aðilja má dómurinn dæma frekari rétt en hann hefir gert kröfur til fyrir sáttasemjara, þó þannig, að skipverjar sæti ekki lakari kjörum en samkvæmt samningi þeim, er gilti til ársloka 1937.

6. gr.

Úrskurður gerðardómsins víkur fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja á hvaða tíma sem er.

7. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af hálfu forsætis- og fjármálaráðherra. —

Frv. þetta er flutt til lausnar kaupdeilu þeirri, sem verið hefir síðan um sl. áramót milli útgerðarmanna botnvörpuskipa annarsvegar og sjómanna á þeim skipum hinsvegar. Sáttasemjari ríkisins hefir unnið að sáttatilraunum í deilu þessari í langan tíma og bar að lokum fram miðlunartillögu, en samninganefndir beggja aðilja neituðu að mæla með henni við umbjóðendur sína. Eftir ósk forsætisráðherra af hálfu ríkisstjórnarinnar og í samráði við sáttasemjara ríkisins tilnefndi þá hæstiréttur þriggja manna sáttanefnd til þess, ásamt sáttasemjara, að leita enn á ný um sættir með aðiljum. Eftir að nefndin hafði rannsakað málið og rætt það ýtarlega við báða aðilja h. u. b. vikutíma, lagði sáttasemjari fram nýja miðlunartillögu, er samin var af honum og nefndinni, og var sú tillaga lögð fyrir báða aðilja til atkvæðagreiðslu mánudaginn 14. þ. m., en niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu varð sú, sem fram kemur í bréfi því til forsætisráðherra, er hér fer á eftir:

SÁTTASEMJARI Í VINNUDEILUM

Reykjavík, 15. marz 1938.

Í framhaldi af því, sem ég hefi áður skýrt yður, hæstvirti forsætisráðherra, frá afskiptum mínum af yfirstandandi kaupdeilu milli sjómanna á botnvörpuskipum og útgerðarmanna, sbr. bréf til fjármálaráðherra, dags. 3. þ. m., leyfi ég mér hér með að gera yður eftirfarandi grein fyrir tilraunum þeim, sem ég ásamt þeim Einvarði Hallvarðssyni, Hilmari Stefánssyni og Gunnlaugi Briem hefi gert til lausnar kaupdeilu þessari.

Þegar mér, hinn 7. þ. m., hafði borizt tilkynning frá hæstarétti um skipun ofangreindra nefndarmanna, kvaddi ég þá á minn fund að kvöldi sama dags og skýrði fyrir þeim, hvernig sakir stæðu. Næsta morgun, 8. þ. m., boðaði ég fulltrúa deiluaðilja á sameiginlegan fund, og fóru þar fram undirbúningsumræður.

Síðan hefi ég, ásamt meðnefndarmönnum mínum, haldið stöðuga fundi með deiluaðiljum á víxl, og eftir að nefndin hafði rækilega kynnt sér málavexti, samþykkti hún að bera fram miðlunartillögu í því formi, sem ráð er fyrir gert í lögum nr. 55 27. júní 1925. Þessa ákvörðun nefndarinnar tilkynnti ég deiluaðiljum bréflega að kvöldi laugardags 12. þ. m. og skoraði á þá að kveðja til funda í félögum sínum svo fljótt sem verða mætti, og eigi síðar en á mánudag 14. þ. m., þannig, að atkvæðagreiðslu um téða miðlunartillögu yrði lokið kl. 12 á miðnætti þann dag.

Í gærkvöldi fór fram almenn atkvæðagreiðsla í sjómannafélögum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar um miðlunartillöguna, og féllu atkvæði þannig:

Já sögðu 226.
Nei sögðu 284.
Auðir seðlar 19.
Ógildur seðill 1.

Á sama tíma var haldinn almennur fundur botnvörpuskipaeigenda til þess að taka afstöðu til téðrar tillögu, og er svar botnvörpuskipaeigenda svo hljóðandi:

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Reykjavík, 14. 3. 1938.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. í dag, ásamt meðfylgjandi miðlunartillögu, var í kvöld haldinn almennur fundur togaraeigenda og þar samþykkt eftirfarandi ályktun, með öllum atkvæðum fundarmanna:

„Fundurinn ályktar að samþykkja tillögu þá frá sáttasemjara í kaupdeilu sjómannafélaga Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar og F. Í. B., er félaginu barst í kvöld. Samþykktin er þó því skilyrði bundin, að bæjarstjórnir Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og hreppsnefnd Patreksfjarðar og Alþingi veiti það miklar ívilnanir á útgjöldum þeim, er á útgerðinni hvíla, að útgerðarmenn telji sér kleift að halda skipunum úti."

F.h. botnvörpuskipaeigenda.
(sign.) Kjartan Thors.

Til sáttasemjara í vinnudeilum,
Dr. juris Björns Þórðarsonar."

Þar sem árangurslaust hafa verið bornar fram tvær miðlunartillögur í kaupdeilu þessari, verð ég að líta svo á, að frekari sáttatilraunir af minni hendi og meðnefndarmanna minna séu þýðingarlausar.

Virðingarfyllst
Björn Þórðarson

Til forsætisráðherra, Hermanns Jónassonar.

Þar sem nú svo er ástatt, að tveimur tillögum til málamiðlunar, annari fram borinni af sáttasemjara ríkisins, hinni fram borinni af sáttasemjara ásamt dómkvaddri nefnd, hefir verið neitað, verður ekki talið, að neinar likur séu til, að deila þessi leysist með sáttum fyrst um sinn.

Þá er um það að ræða annarsvegar, að eiga það á hættu, að saltfisksvertíð botnvörpuskipanna falli niður að mestu eða öllu leyti á þessu ári, hinsvegar að löggjafarvaldið geri tilraun til að leysa málið með því að gera ráðstafanir til, að kaup og kjör sjómanna á botnvörpuskipunum verði ákveðið að opinberri tilhlutun.

Um það þarf ekki að orðlengja, hvílíkt tjón og neyðarástand alger stöðvun botnvörpuskipaflotans á saltfisksvertíðinni myndi hafa í för með sér: Atvinnuleysi sjómanna, sem á skipunum vinna, og alls þess fólks, sem atvinnu hefir við fiskverkun í landi, meiri og minni skort lífsnauðsynja hjá almenningi, og fyrirsjáanlega stóraukin sveitarþyngsli, sem bæjarfélögum þeim, er í hlut eiga, áreiðanlega myndi reynast erfitt að rísa undir, að ógleymdu margra milljóna tapi fyrir þjóðina í erlendum gjaldeyri, stórkostlegum kostnaði við að láta hin dýru veiðitæki liggja ónotuð, og ef til vill markaðstap fyrir saltfisk erlendis, með því að keppinautar Íslendinga í saltfisksverzluninni kæmust inn á markaði, sem við Íslendingar nú gætum ekki fullnægt.

Enda þótt hinn frjálsi samningsréttur aðiljanna í slíkri deilu sé mikils virði og sjálfsagt sé að viðurkenna hann sem meginreglu, geta afleiðingar af því að láta þá eina um að ráða ágreiningnum til lykta orðið svo alvarlegar, að undantekningu verði að gera með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum. Jafnvel þeir, sem ákveðnastir eru í því að skerða ekki samningsréttinn, þegar um venjulegar deilur er að ræða, hljóta að viðurkenna, að þá brýnu nauðsyn, sem nú er fyrir hendi, beri að taka til greina á alveg sérstakan hátt. Í sambandi við þá leið, sem hér er lagt til að fara, er því um undantekningu, en ekki fordæmi að ræða.

Í þessu sambandi ber að benda á það alveg sérstaklega, að meðal þjóða, sem yfirleitt hallast ekki að því, að takmarka samningsréttinn með bindandi gerðardómum,

hefir þessi leið oftar en einu sinni verið farin, þegar sérstaklega hefir staðið á og án þess, að það hafi skapað neitt varanlegt fordæmi um lausn kaupdeilna yfirleitt.

Í Noregi voru samþykkt lög um tímabundinn gerðardóm árið 1919 og aftur árið 1922, í fyrra skiptið með atkvæðum fulltrúa atvinnurekenda gegn atkvæðum fulltrúa verkamanna, í síðara skiptið með atkvæðum fulltrúa verkamanna gegn atkvæðum fulltrúa atvinnurekenda, og voru úrskurðir þessara gerðardóma í bæði skiptin framkvæmdir. Og nú í vetur hefir bænda- og verkamannastjórnin norska borið fram og fengið samþykkt frumvarp um gerðardóm í deilu milli atvinnurekenda og flutningaverkamanna í Norður-Noregi. Sá gerðardómur var samþykktur með atkvæðum allra flokka. Er þó sú deila engan veginn jafnþýðingarmikil fyrir atvinnulíf Noregs og stöðvun botnvörpuskipaflotans væri hér. Þrátt fyrir þessar undantekningar byggist gildandi löggjöf Norðmanna á frjálsum samningsrétti. Hin einstöku lög um lausn hinna sérstöku deilna eru undantekningar frá reglunni.

Í Danmörku hefir stjórn jafnaðarmannaflokksins og radikala flokksins, sem þar er við völd, þrisvar sinnum (1933, 1934 og 1936) beitt sér fyrir lögum um bindandi gerðardóm í einstökum, sérstaklega alvarlegum kaupdeilum. Þó hafa Danir verið því mjög fjarri að lögfesta gerðardómsfyrirkomulagið sem almenna leið til lausnar vinnudeilum.

Í Frakklandi lét stjórn hinnar svo kölluðu alþýðufylkingar (jafnaðarmanna, kommúnista og social-radikala flokksins) árið 1936 lögfesta gerðardóm í óvenjulegri kaupdeilu, sem hófst þar í landi síðara hluta þess árs, án þess að gerðardómar hafi yfirleitt verið viðurkenndir i frönskum lögum.

Þannig hefir það í öllum þessum löndum (og raunar víðar) verið viðurkennt, að það ástand geti skapazt um stundarsakir, að takmarka verði samningsréttinn, ef ekki hefir fengizt lausn á annan hátt og hagsmunir almennings eru í hættu fram yfir það, sem venjulegt er í kaupdeilum. Þetta sjónarmið verður að teljast réttmætt á sama hátt, einnig hér á landi, og alveg sérstaklega í deilu þeirri, er nú stendur yfir, sem vissulega er alvarlegri fyrir íslenzku þjóðina en flestar ef ekki allar þær deilur, sem leystar hafa verið með sama hætti meðal nágrannaþjóðanna.

Því er það, að Framsóknarflokkurinn hefir samþykkt að beita sér fyrir þeirri lausn málsins, sem hér er farið fram á.